

VIÐBURÐARÍKIR MÁNUÐIR AÐ BAKI

- Heildartekjur námu 248,6 milljónum USD og lækkuðu um 7% á milli ára.
- EBITDA var neikvæð um 14,7 milljón USD, batnar um 19% á milli ára.
- Án áhrifa IFRS16 er EBITDA neikvæð um 29,3 milljónir USD.
- 13% fjölgun farþega til Íslands.
- Eiginfjárlutfall í lok mars var 23% samanborið við 32% í lok árs 2018
- Án áhrifa IFRS16 er eiginfjárlutfallið 28%.
- Handbært fé nam 289 milljónum USD í lok fjórðungsins.

BOGI NILS BOGASON, FORSTJÓRI

„Farþegum félagsins til Íslands fjölgaði um 13% á fyrsta ársfjórðungi, farþegum frá Íslandi um 10% en farþegum milli Evrópu og N-Ameríku fækkaði um 2%. Rekstur félagsins var hins vegar krefjandi eins og við bjuggumst við og var rekstrarniðurstaðan í takt við áætlanir. Þróun fargjalda var neikvæð milli ára, sem skýrist meðal annars af mikilli samkeppni við flugrekendur sem boðið hafa upp á ósjálfbær fargjöld. Jafnframt var áframhaldandi þrýstingur á fargjöld milli Evrópu og N-Ameríku. Innleiðingar- og þjálfunarkostnaður vegna sex nýrra flugvéla sem félagið hafði gert ráð fyrir að taka í notkun hafði neikvæð áhrif auk þess sem einskiptiskostnaður féll til vegna kyrrsetningar B737 MAX flugvéla.

Flugrekstur er í eðli sínu sveiflukenndur og útsettur fyrir snörpum breytingum í markaðsumhverfinu, breytingum á fjármagnsmörkuðum sem og óvæntum atburðum. Icelandair Group hefur því lagt áherslu á að tryggja fjárhagslegan stöðugleika á hverjum tíma með því að viðhalda sterkum efnahagsreikningi. Sterk fjárhagsstaða og sveigjanleiki Icelandair Group gerir félaginu kleift að takast á við krefjandi aðstæður en ekki síður til þess að nýta tækifæri vegna breytinga á samkeppnisumhverfinu. Þær breytingar sem áttu sér stað undir lok fyrsta ársfjórðungs skapa Icelandair Group tækifæri til arðbærs innri vaxtar. Til skamms tíma tefur kyrrsetning B737 MAX vélanna jákvæð áhrif þessara breytinga.

Langtímahorfur félagsins eru góðar og með samstilltu átaki um mótun og innleiðingu heildstæðrar stefnu, er framtíð íslenskrar ferðaþjónustu björt. Það er ánægjulegt að reynslumikill alþjóðlegur fjárfestir deili þessari framtíðarsýn með okkur en kaup bandaríska fjárfestingarsjóðsins PAR Capital Management á 11,5% hlut í félaginu fyrir um 47 milljónir USD (rúma 5,6 milljarða) voru kynnt í apríl sl. Fjárfestingin mun efla félagið enn frekar og styrkja samkeppnishæfni þess til framtíðar.“

KYNNINGARFUNDUR OG VEFÚTSENDING 6. MAÍ 2019

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn mánudaginn 6. maí 2019 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, og Eva Sóley Guðbjörnsdóttir framkvæmdastjóri fjármála munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 8:30 í sal 2. Morgunverður í boði frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/webcast-next/>

LYKILSTÆRÐIR

		1F 2019	1F 2018	% Breyt.
Rekstrarreikningur				
Heildartekjur	USDþ	248.602	267.619	-7%
Heildarkostnaður án afskrifta	USDþ	263.270	285.830	-8%
EBITDAR	USDþ	-14.668	-6.300	-
EBITDA	USDþ	-14.668	-18.211	19%
EBITDA án IFRS16	USDþ	-29.328	-18.211	-61%
EBIT	USDþ	-59.579	-46.213	-29%
EBT	USDþ	-68.468	-43.539	-57%
Nettó afkoma	USDþ	-55.113	-34.528	-60%
Efnahagsreikningur				
Heildareignir	USDþ	1.882.255	1.587.162	19%
Eigið fé	USDþ	425.805	554.861	-23%
Vaxtaberandi skuldir	USDþ	832.791	329.898	-
Nettó vaxtaberandi skuldir	USDþ	543.771	124.082	-
Handb. fé frá rekstri	USDþ	72.941	67.115	9%
Fjárfestingar	USDþ	181.578	191.384	-5%
Frjálst sjóðsflæði	USDþ	-108.637	-124.269	-13%
Lykiltölur				
Afkoma á hlut USD cent	US cent	-1,15	-0,72	60%
Eiginfjárlutfall	%	23%	35%	-
Eiginfjárlutfall án IFRS16	%	28%	35%	-
EBITDAR hlutfall	%	-5,9%	-2,4%	-
EBIT hlutfall	%	-24,0%	-17,3%	-
Flutningatölur**				
Farþegar til Íslands	tala	311.246	274.489	13%
Farþegar frá Íslandi	tala	114.715	104.438	10%
Farþegar um Ísland	tala	276.768	281.138	-2%
Heildarfjöldi farþega	tala	702.729	660.065	6%
Nýting	%	76,4%	76,5%	0,00
Framboðnir sætiskílómetrar	millj.	2.888	2.675	8%
Komu stundvísi	%	78,9%	64,5%	0,22
Seldir frakt kílómetrar	þús	32.344	30.381	6%
Seldir blokk tímar leiguflug	tala	7.478	8.658	-14%

* Icelandair - Leiðarkerfi

** Icelandair, Icelandair Cargo, Loftleiðir Icelandic

BREYTING Á REIKNINGSSKILASTÖÐLUM

Í ársbyrjun 2019 innleiddi Icelandair Group nýjan reikningsskilastaðal, IFRS 16. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir áhrif staðalsins á samstæðureikning félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2019.

USD þúsundir	Upphæðir án IFRS16 áhrifa	IFRS16 áhrif	Upphæðir með IFRS 16 áhrifum
Rekstrarreikningur:			
Tekjur			
Flutningatekjur	167.473	0	167.473
Flugvéla-leiga	27.432	-2.312	25.120
Aðrar tekjur	56.083	-74	56.009
Heildartekjur	250.988	-2.386	248.602
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður	110.216	0	110.216
Flugtengdur kostnaður	103.826	-12.545	91.281
Annar kostnaður	66.274	-4.501	61.773
Heildargjöld	280.316	-17.046	263.270
EBITDA	-29.328	14.660	-14.668
Afskriftir	-31.198	-13.713	-44.911
EBIT	-60.526	947	-59.579
Nettó fjármagnskostnaður	-6.184	-3.110	-9.294
EBT	-66.305	-2.163	-68.468
Tekjuskattur	12.922	433	13.355
Nettó afkoma	-53.383	-1.730	-55.113

REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS

Í töflunni hér að neðan má sjá samanburð á tekjum, EBITDAR og EBT á milli ára. IFRS16 hefur áhrif á EBITDA og því er samanburði á milli ára á þeim mælikvarða sleppt.

Þúsundir USD	Farþegaflug		Flugtengdur rekstur		Ferðaþjónusta		Samtals	
	1F19	Br. 1F18	1F19	Br. 1F18	1F19	Br. 1F18	1F19	Br. 1F18
Tekjur	169.027	-3.227	52.860	-7.004	26.715	-8.786	248.602	-19.017
EBITDAR	-26.346	-5.543	11.239	-3.900	439	1.075	-14.668	-8.368
EBT	-63.075	-17.490	3.671	-4.605	-9.064	-2.834	-68.468	-24.929

Afkoma af farþegaflugi var að mestu í samræmi við væntingar. Farþegum fjölgaði á öllum mörkuðum fyrir utan N-Atlantshafsmarkaðinn þar sem þeim fækkaði um 2%. Meðalfargjöld lækkuðu á milli ára á öllum mörkuðum. Neikvæð áhrif kyrrsetningar B737 MAX vélanna eru metin á 3 milljónir USD á fjórðungnum.

EBITDAR af flugtengdum rekstri dróst saman á milli ára. Fraktstarfsemi félagsins gekk vel en EBITDAR af leiguflygsstarfseminni dróst saman vegna færri verkefna en á sama tíma árið 2018 og vegna þess að viðhaldsverkefni tóku lengri tíma en gert var ráð fyrir. EBITDAR í ferðaþjónustunni jókst á milli ára og skýrist það af bættum rekstri í hótelfarfsemi félagsins.

TEKJUR, GJÖLD OG FJÁRMAGNSLIÐIR

Tekjur

Þúsundir USD	1F 2019	1F 2018	Breyting	% Breyting
Flutningatekjur:	167.473	173.134	-5.661	-3%
<i>Farþegatekjur</i>	135.442	141.971	-6.529	-5%
<i>Hliðartekjur</i>	17.553	16.178	1.375	8%
<i>Vöru- og pósthlutningar</i>	14.478	14.985	-507	-3%
Flugvéla- og áhafnaleiga	25.120	33.394	-8.274	-25%
Aðrar rekstrartekjur	56.009	61.091	-5.082	-8%
<i>Vörusala á hótélum og flugvöllum</i>	18.609	19.841	-1.232	-6%
<i>Tekjur af ferðaþjónustu</i>	17.153	24.735	-7.582	-31%
<i>Aðrar tekjur</i>	20.247	16.515	3.732	23%
Samtals	248.602	267.619	-19.017	-7%

Heildartekjur drógust saman um 7%. Flutningatekjur námu 167,5 milljónum USD og lækkuðu um 3% á milli ára. Farþegatekjur lækkuðu um 5% og skýrist það af lækkun meðalfargjalda á öllum mörkuðum. Tekjulækkunin var mest á N-Atlantshafs-markaðinum, en þar dróst fjöldi farþega einnig saman á milli ára. Tekjur á heimamarkaðinum frá Íslandi drógust lítillega saman, en jukust á ferðamannamarkaðinum til Íslands. Farþegatengdar hliðartekjur jukust um 8%. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu drógust saman um fjórðung frá síðasta ári. Færri leiguflugsverkefni og viðhald flugvéla skýra stærstan hlutann en 2,3 milljónir USD eru vegna IFRS16. Aðrar rekstrartekjur námu 56,0 milljónum USD og lækkuðu um 5,1 milljón USD. Lækkunin skýrist að mestu leyti af lægri tekjum af ferðaþjónustu vegna breytinga á eftirspurn.

Kostnaður

Þúsundir USD	1F 2019	1F 2018	Breyting	% Breyting
Laun og annar starfsmannakostnaður	110.216	113.129	-2.913	-3%
Flugtengdur kostnaður	91.281	100.692	-9.411	-9%
<i>Eldsneytiskostnaður</i>	51.838	49.547	2.291	5%
<i>Flugvélaeiga</i>	3.970	8.304	-4.334	-52%
<i>Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld</i>	24.739	24.169	570	2%
<i>Viðhaldskostnaður flugvéla</i>	10.734	18.672	-7.938	-43%
Annar rekstrarkostnaður	61.773	72.009	-10.236	-14%
<i>Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga</i>	4.460	8.697	-4.237	-49%
<i>Samskiptakostnaður</i>	7.191	5.883	1.308	22%
<i>Auglýsingakostnaður</i>	7.084	8.583	-1.499	-17%
<i>Bókunargj., kreditkortþókn. og umboðslaun</i>	11.693	10.212	1.481	15%
<i>Kostnaðarverð seldra vara</i>	3.037	3.581	-544	-15%
<i>Þjónusta við farþega og hótélgesti</i>	11.060	11.026	34	0%
<i>Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu</i>	8.768	15.978	-7.210	-45%
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	8.480	8.049	431	5%
Samtals	263.270	285.830	-10.236	-8%

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður nam 110,2 milljónum USD og lækkaði um 3% miðað við fyrsta fjórðung síðasta árs. Aukið umfang eykur launakostnað, en jákvæð gengisáhrif koma til lækkunar á móti. Íslenska krónan var að meðaltali 16% veikari á móti USD en hún var á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Launakostnaður lækkar vegna þessa þar sem nær allur launakostnaður félagsins er í íslenskum krónum. Hér að neðan má sjá skýringar á helstu frávikum á milli ára:

Launakostn samtals 1F 2018	113.129
Samningsbundnar launahækkanir	153
Breyting í fjölda stöðugilda	12.672
Gengisáhrif	-15.094
Annað	-644
Launakostn samtals 1F 2019	110.216

Upphæðir í USD þúsundum

Flugtengdur kostnaður nam alls 91,3 milljónum USD og lækkaði um 9,4 milljónir USD frá fyrra ári. Flugvélaeiga og viðhaldskostnaður lækka milli ára vegna innleiðingar IFRS16 staðalsins. Eldneytiskostnaður nam 51,8 milljónum USD og jókst um 5% samanborið við fyrsta fjórðung 2018. Uppgjörsverð félagsins á eldsneyti að teknu tilliti til varna á fjórðungnum var að meðaltali 628 USD/tonn, sem er 6% hækkun á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður nam 61,8 milljónum USD og lækkaði um 10,2 milljónir USD á milli ára. Stærstu frávikin eru í aðkeyptri þjónustu í ferðaþjónustu sem lækkar um 7,2 milljónir USD vegna breytinga á eftirspurn. Þetta endurspeglast í lækkun tekna frá ferðaþjónustu. Þá lækkar rekstrarkostnaður fasteigna um 4,2 milljónir USD sem skýrist af IFRS16 staðlinum.

Áætlað fjárhagslegt tjón félagsins vegna kyrrsetningar á B737 MAX er um 3 milljónir USD á fjórðungnum og hefur félagið hafið samtal við Boeing um að fá allt það fjárhagslega tjón sem af kyrrsetningunni hlýst bætt.

Fjármagnsliðir:

Fjármagnsgjöld á fyrsta ársfjórðungi námu 9,3 milljónum USD og jukust um 10,7 milljónir USD samanborið við fyrsta fjórðung síðasta árs. Vaxtatekjur lækka vegna meðhöndlunar reikningskilastaðla á sölu og endurleigu þriggja B737 MAX flugvéla en núvirðing tryggingagreiðslna að fjárhæð 3 milljón USD eru dregnar frá vaxtatekjum á fjórðungnum og verða tekjufærðar yfir leigutímann. Vaxtagjöld aukast vegna aukinnar skuldsetningar og vegna IFRS16 innleiðingar. Þá var jákvæður gengismunur óverulegur í ár en nam 4,8 milljónum USD á sama tímabili árið 2018.

Þúsundir USD	1F 2019	1F 2018	Breyting	% Breyting
Vaxtatekjur	248	785	-537	-68%
Vaxtagjöld	6.384	4.193	2.191	52%
Nettó fjármagnsliðir vegna rekstrarleigu	3.342	0	3.342	-
Gengishagnaður	184	4.816	-4.632	-96%
Samtals fjármagnsgjöld	9.294	-1.408	10.702	-

FJÁRHAGSSTAÐA

Efnahagur - eignir

Heildareignir námu 1,9 milljörðum USD og jukust um 418,1 milljón USD frá áramótum. Innleiðing IFRS 16 staðalsins skýrir 338,2 milljónir USD af aukningunni. Nýtingaréttur rekstrarfjármuna nemur 168,2 milljónum USD. Þar af er stærsti hlutinn vegna nýtingaréttar flugvéla, þ.e. 156,1 milljón USD. Nýtingaréttur af eignum í söluferli nemur 173,6 milljónum USD. Nánari upplýsingar um eignir í söluferli má sjá í skýringu 6 í árshlutareikningnum.

Þúsundir USD	31.03.2019	31.12.2018	Breyting
Heildareignir	1.882.255	1.464.122	418.133
Rekstrarfjármunir	666.019	673.420	-7.401
Nýtingaréttur rekstrarfjármuna	168.203	0	168.203
Eignir í söluferli	306.185	125.169	181.016
Handbært fé	289.020	299.460	-10.440

Í lok fjórðungsins var 51 flugvél í flugflota félagsins. 41 vél var í eigu félagsins og þar af voru 24 vélar óveðsettar.

Flugvélagærð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	AIC*	Flugfloti 31.03.19	Flugfloti 31.12.18	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.18
B757-200	21	2	6		29	31	26	3	-2
B757-300	2				2	2	2		0
B737 MAX 8	5				5	3	2	3	3
B737 MAX 9	1				1	1		1	0
B767-300	4		2		6	6	5	1	0
B737-700			1		1	1		1	0
B737-800			2		2	2		2	0
Bombardier Q200				3	3	3	3		0
Bombardier Q400				3	3	3	3		0
Samtals	33	2	11	6	52	51	41	11	1

* AIC = Air Iceland Connect

Efnahagur - skuldir

Vaxtaberandi skuldir námu alls 832,8 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs og jukust um 364,7 milljónir USD. Áhrif IFRS16 staðalsins til hækkunar nema samtals 356,1 milljónum USD, þar af eru 175,6 milljónir USD vegna eigna í sölufarli. Nettó vaxtaberandi skuldir námu 543,8 milljónum USD og má sjá útleiðslu þeirra hér að neðan:

Þúsundir USD	31.03.2019	31.12.2018	Breyting
Vaxtaberandi langtímaskuldir	207.732	147.513	60.219
Langtíma leiguskuldbindingar	166.786	0	166.786
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	183.293	268.288	-84.995
Skammtíma leiguskuldbindingar	36.855	0	36.855
Skuldbindingar vegna eigna í sölufarli	238.125	52.244	185.881
Vaxtaberandi skuldir samtals	832.791	468.045	364.746
Handbært fé	289.020	299.460	-10.440
Nettó vaxtaberandi skuldir	543.771	168.585	375.186

Vaxtaberandi langtímaskuldir jukust vegna langtímaláns sem tekið var á fjórðungnum. Lánið nam 80 milljónum USD og er til 5 ára. Skammtímaskuldir lækkuðu frá áramótum. Félagið var með tvo skráða skuldabréfaflokka á markaði í byrjun árs. Skuldabréfaflokkur ISIN IS0000025427 að fjárhæð 23,6 milljónir USD var greiddur upp að fullu á fjórðungnum. Þriðjungur skuldabréfaflokksins ISIN N000107769982 var greiddur upp um miðjan janúar. Ráðgert er að greiða upp eftirstöðvar flokksins að fjárhæð 125,6 milljónir USD fyrir lok annars ársfjórðungs.

Efnahagur – eigið fé

Eigið fé félagsins nam 425,8 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs. Eiginfjárlutfall félagsins nam 23% samanborið við 32% í lok árs 2018. Aukning eigna og skulda vegna notkunarréttar rekstrarleigu hafa töluverð áhrif til lækkunar hlutfallsins og á samanburð. Án áhrifa IFRS16 staðalsins er eiginfjárlutfallið 26%

Sjóðsstreymi

Handbært fé í lok fjórðungsins nam 289,0 milljónum USD. Handbært fé frá rekstri nam 72,9 milljónum USD. Brúttó fjárfestingar námu alls 181,6 milljónum USD og má sjá nánari sundurliðun á þeim hér að neðan.

Púsundir USD	1F 2019	1F 2018	Breyting
Handbært fé frá rekstri	72.941	67.115	5.826
Handbært fé í lok tímabils	289.020	191.257	97.763
Frjálst sjóðsstreymi	-108.637	-124.269	15.632
Brúttó fjárfestingar	181.578	191.384	-9.806

Fjárfestingar

Brúttó fjárfestingar á fjórðungnum námu alls 181,6 milljónum USD. Fjárfesting í flugvélum og fylgihlutum að fjárhæð 147,7 milljónir USD inniheldur fjárfestingu í tveimur B737 MAX8 flugvélum og einni B737 MAX9 flugvél. Aðrar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum, aðallega fjárfestingar í stækkun flugeldhúss á Keflavíkurlflugvelli og í hótélrekstri, námu 6,2 milljónum USD.

Púsundir USD	1F 2019
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	147.674
Hreyflayfirhöl eigin vélar	18.168
Aðrar fjárfestingar	6.235
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	172.077
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	8.468
Óefnislegar eignir	1.033
Fjárfestingar samtals	181.578

HORFUR Í REKSTRI ÁRIÐ 2019

Óvissa einkennir árið 2019

Bókunarstaða hjá Icelandair er góð fyrir annan ársfjórðung. Þá eru áhrif kyrrsetningar B737 MAX vélanna á sætaframboð jafnframt óveruleg í fjórðungnum. Þrátt fyrir að félagið hafi þurft að aflýsa 7% af ferðum á tímabilinu 1. apríl – 15. júní, samsvarar það ekki nema 1% samdrætti í framboðnum sætum þar sem stærri vélar leysa B737 MAX vélarnar af. Sú þróun að farþegar bóka flug nær brottför en áður veldur því að óvissa í tekjuspá er meiri en áður. Fargjöld eru enn undir töluverðum þrýstingi vegna mikillar samkeppni á Norður Atlantshafinu. Félagið hefur m.a. brugðist við með því að auka framboð til og frá Íslandi og minnka framboð yfir Norður Atlantshafið.

Verulegar breytingar urðu í samkeppnisumhverfi félagsins á Íslandi undir lok fyrsta ársfjórðungs. Að mati félagsins munu þær skapa félaginu tækifæri til arðbærs vaxtar en óvissa vegna B737 MAX vélanna takmarka nýtingu þeirra tækifæra til skamms tíma. Hliðartekjur halda áfram að vaxa umfram farþegafjölda og er það markmið félagsins að gera enn betur á því sviði. Nýtt tekjustýringarkerfi var gangsett í lok mars og hefur rekstur þess gengið vel. Markmið félagsins er að auka tekjur um 2-4%, að öðru óbreyttu þegar reynsla er komin á rekstur kerfisins, í síðasta lagi í byrjun árs 2020.

Afkoma Air Iceland Connect hefur verið óásættanleg og er rekstur þess félags í gagngerrí endurskoðun. Ljóst er að það eru áskoranir framundan við það að rétta við rekstur félagsins en verið er að vinna eftir aðgerðaráætlun til að sporna við frekari rekstrarhalla. Rekstur ferðaskrifstofunnar Vita gengur vel og er áætluð 40% aukning í sætaframboði í leiguflugi félagsins á árinu. Framboð til Tenerife og Alicante, sem eru vinsælir áfangastaðir hjá Íslendingum, verður tvöfaldað yfir sumarið. Bókunarstaðan er yfir væntingum og horfur ársins í heildina eru góðar hjá félaginu. Útlit í fraktstarfsemi félagsins er gott og er gert ráð fyrir sterkum út- og innflutningi næstu mánuði. Leiguflugsstarfsemin gengur einnig vel, þó flugmarkaðurinn sé í nokkurri biðstöðu þar til óvissu um framtíð B737 MAX verður eytt.

Vegna óvissu um áhrif kyrrsetningar B737 MAX flugvéla á rekstur félagsins gefur félagið ekki út afkomuspá á þessu stigi.

STAÐA ELDSNEYTISVARNA Í LOK 1. ÁRSFJÓRÐUNGS

Staða eldsneytisvarna í lok mars 2019 er eftirfarandi:

Tímabil	Áætluð notkun (tonn)	Skiptasamningar	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamn. USD
Apr 19	29.750	15.450	52%	631
Maí 19	41.157	21.500	55%	635
Jún 19	50.824	24.500	50%	683
Júl 19	51.916	26.600	52%	692
Ágú 19	52.033	28.600	56%	721
Sep 19	45.085	27.550	62%	750
Okt 19	32.755	16.370	50%	751
Nóv 19	29.170	15.366	53%	703
Des 19	27.774	15.343	55%	683
Jan 20	25.113	4.000	16%	713
Feb 20	23.476	4.000	17%	789
Mar 20	25.374	4.000	16%	764
12 mánuðir	434.427	203.279	47%	701 *
Apr 20	27.891	4.000	14%	674
May 20	41.954	4.000	10%	677
Jún 20	51.814	0	-	-
Júl 20	52.924	0	-	-
Ágú 20	53.044	0	-	-
Sep 20	45.960	0	-	-
13-18 mánuðir	273.587	8.000	3%	675 *

* Vegið meðalverð
** Áætluð notkun miðast við að B737MAX verði farnar að fljúga aftur 16. júní

ATBURÐIR EFTIR REIKNINGSSKILADAG

Áframhaldandi kyrrsetning B737 MAX véla

Þann 10. apríl sl. tilkynnti Icelandair breytingar á flugáætlun sinni til að bregðast við kyrrsetningu Boeing 737 MAX flugvéla fram í miðjan júní. Útlit er fyrir að kyrrsetning vélanna muni vara lengur og hefur félagið því uppfært flugáætlun sína fram til 15. júlí. Til þess að lágmarka áhrif kyrrsetningarinnar á farþega gekk félagið frá leigu á þremur flugvélum sem tilkynnt var um í apríl og verða þær í rekstri út septembermánuð. Um er að ræða tvær 262 sæta Boeing 767 breiðpotur og eina Boeing 757-200 vél sem er 184 sæta. Til samanburðar taka B737 MAX vélarnar 160-178 farþega í sæti. Við þessar breytingar dregst sætaframboð tímabilsins saman um tæplega 2%. Lögð er áhersla á að tryggja sem minnst rask á mörkuðunum til og frá Íslandi.

Fjárhagsleg áhrif kyrrsetningarinnar eru óviss á þessu stigi, m.a. vegna þess að ekki liggur fyrir hversu mikið af þeim kostnaði sem hlýst af kyrrsetningunni fæst bættur frá framleiðanda. Félagið hefur hafið samtalið við Boeing um að fá allt það fjárhagslega tjón sem af kyrrsetningunni hlýst bætt. Jafnframt hefur félagið óskað eftir frestun á afhendingu þriggja B737 MAX véla sem átti að afhenda í vor en ljóst er að þær vélar munu ekki nýtast í rekstrinum í sumar. Félagið fylgist náið með þróun mála og vinnur áfram með Boeing, flugmálafyrirvöldum á Íslandi, í Evrópu og Bandaríkjunum varðandi næstu skref.

Nýr kjölfestufjárfestir með 11,5% hlut í Icelandair Group

Á hluthafafundi þann 24. apríl sl. var tillaga um heimild stjórnar um hlutfjárhækkun að nafnvirði ISK 625.000.000, vegna sölu á hlutafé til PAR Capital Management Inc. og tengdra félaga, samþykkt. Kaupverðið var 9,03 kr. á hlut og svarar til 11,5% hlutfjár í Icelandair Group. Gert er ráð fyrir að nýir

hlutir verði útgefnir 8. maí 2019. PAR Capital er alþjóðlegur fjárfestingasjóður sem leggur áherslu á langtímafjárfestingar, aðallega í ferðaþjónustu og flugfélögum. Hlutafjárukningin mun styrkja efnahag félagsins enn frekar og gera því kleift að þróa flugflota sinn sem mun styðja við arðbæran langtíma vöxt leiðarkerfisins. Auk þess verður félagið betur í stakk búið að grípa tækifæri sem kunna að skapast í núverandi rekstrarmhverfi.

Í samræmi við heimild sem samþykkt var á aðalfundi 8. mars 2019, var hlutafé félagsins lækkað frá og með 1. apríl sem svaraði öllum eigin hlutum félagsins. Útgefið hlutafé frá 8. maí verður því 5.437.660.653 hlutir.

Hlutafé 31. mars 2019	5.000.000.000
Lækkun hlutafjár 1. apríl 2019	187.339.347
Hækkun hlutafjár 8. maí 2019	625.000.000
Hlutafé 8. maí 2019	5.437.660.653

STEFNUMÓTANDI ÞÆTTIR

Ný stefna Icelandair Group kynnt á öðrum ársfjórðungi 2019

Endurskoðun stefnumótunar hófst vorið 2018. Í þeirri vinnu voru þróuð ný framtíðarsýn, hlutverk, stefnuáherslur og gildi. Í byrjun febrúar 2019 voru gerðar töluverðar breytingar á skipulagi Icelandair Group til þess að ná fram skýrari áherslu á kjarnastarfsemi félagsins; flugrekstur. Aukin áhersla er lögð á stafræna þróun, þróun flotans og leiðarkerfisins, sem og flutninga- og leiguflugstarfsemi, í því skyni að styrkja samkeppnishæfni félagsins til framtíðar. Aðgerðaráætlun út frá nýrri stefnu og rekstrarmarkmiðum er í vinnslu og er stefnt að því að kynna hana fyrir hluthöfum og markaðsaðilum fyrir lok annars ársfjórðungs.


Eignarhlutir í ferðaþjónustu í söluferli

Með skýrari áherslu á flugrekstur hefur verið ákveðið að selja eignarhluti félagsins í ferðaþjónustu. Félögin sem um ræðir eru tvö: Icelandair Hotels og Iceland Travel. Ákvörðun liggur fyrir um að ganga til lokasamningaviðræðna um sölu á Icelandair Hotels og tengdum fasteignum. Viðræður aðila byggjast á viljayfirlýsingu, sem hefur verið undirrituð af aðilum, um helstu skilmála viðskipta. Gert er ráð fyrir að Icelandair Group muni eiga 20% hlut í hinum seldu eignum. Nánar verður gert grein fyrir væntum kaupanda og fyrirhuguðum viðskiptum ef aðilar ná saman um kaupsamning. Stefnt er á að viðskiptin eigi sér stað fyrir lok annars ársfjórðungs 2019. Söluferli á Iceland Travel er á byrjunarstigi, en samið hefur verið við Íslandsbanka að sjá um sölu á félaginu.

Langtímaflotastefna félagsins í endurskoðun

Núverandi flotastefna Icelandair gerir ráð fyrir að halda B757-200 vélum félagsins í rekstri meðfram B767-300 og B737 MAX vélum félagsins út árið 2025. B737 MAX vélum er ætlað að styðja við vöxt flugflotans á móti fækkun B757-200 véla á tímabilinu.

Fjöldi áætlaðra flugvéla eftir flugvélagæð 2019-2025:



Núverandi langtímaflotastefna félagsins er til endurskoðunar og eru neðangreindar þrjár sviðsmyndir til athugunar. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggja fyrir haustið 2019:

- Halda óbreyttri flotastefnu
- Hraðari endurnýjun flotans
Airbus A321NEO teknar inn í flotann og reknar samhliða B737 MAX vélunum.
Fækkun B757-200 véla hraðað með Airbus og B737MAX viðbótum í flotann.
- Hraðari endurnýjun flotans með Airbus flugvélum
Allar Boeing vélar teknar úr rekstri næstu ár og einungis Airbus þotur reknar í flotanum.

UPPLÝSINGAR

Markaðsaðilar: Íris Hulda Þórisdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandairgroup.is
Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi. Netfang: asdis@icelandair.is

FJÁRHAGSDAGATAL

- Uppgjör 2. ársfjórðungs – vika 31, 2019
- Uppgjör 3. ársfjórðungs – vika 44, 2019
- Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2020